

Kaup M Invest ehf. á öllu hlutafé í Metatron ehf.

1. Með bréfi, dags. 28. júlí 2023, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup M Invest ehf. (hér eftir „M Invest“) á 100% hlutafjár í Metatron ehf. (hér eftir „Metatron“) með samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.
2. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningaskyldur í skilningi 17. gr. a samkeppnislaga. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunatilkynningin var fullnægjandi og byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 31. júlí 2023. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og annarra aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði.
3. Í samrunaskrá kemur eftirfarandi fram varðandi starfsemi samrunaaðila:
 - a) M Invest er nýstofnað eignarhaldsfélag sem er undir yfirráðum Fjórða fasteignafélagsins ehf. og GE Capital ehf. Fjórða fasteignafélagið er eignarhaldsfélag sem heldur á áskriftarréttindum í Arion banka hf. annars vegar og eignarhlutum í einkahlutafélögum sem eiga fasteignir við Snorrabraut í Reykjavík og reka þar gistiheimilisstarfsemi. GE Capital er fjárfestingafélag sem heldur á eignarhlutum í nokkrum félögum m.a. 100% hlutafé í Skakkaturni ehf. sem er umboðsaðili Apple á Íslandi, GE Capital á svo óbeint 9,5% hlut í SKEL fjárfestingafélagi auk annarra minni fjárfestinga t.d. í Nova, fasteignaþróunarfélögum og ferðaþjónustufyrirtæki.
 - b) Metatron hóf starfsemi sína upp úr aldamótum í núverandi mynd og var stofnað af núverandi eigendum Páli Halldórssyni og Stellu Arnlaugu Ólafsdóttur sem eiga bæði helmingshlut í félaginu. Starfsemi Metatron felst fyrst og fremst í lagningu höggdeyfandi púða undir gervigras, lagningu gervigrass, hlaupabrauta, sölu yfirborðsefna innanhúss og utanhúss ásamt heildstæðum lýsingarlausnum fyrir íþróttamannvirki og stærri athafnarsvæði.
4. Í samrunaskrá kemur fram að það sé mat samrunaaðila að fyrirtækin starfi á ólíkum mörkuðum. Að mati samrunaaðila þá starfi fyrirtæki í eigu M Invest á markaði fyrir fjárfestingastarfsemi, gistiheimilisrekstur og markað fyrir sölu á tölvum og tölvutengdum vörum ásamt farsímum. Vísu samrunaaðilar máli sínu stuðnings til umfjöllunar um markað fyrir tölvur, tölvutengdar vörur og farsíma í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 38/2021, *Kaup Origo hf. á 70% hlut í Eldhafi ehf.*¹
5. Samkvæmt samrunaaðilum þá starfar Metatron á markaði fyrir lagningu og sölu á gervigrasi, sölu yfirborðsefna og íþróttatengdra afurða, lýsingaverkefna og skyldra verkefna. Að því er varðar markað fyrir lagningu og sölu á gervigrasi segja samrunaaðilar að samkeppnisaðilar séu

¹ Sjá hér: <https://www.samkeppni.is/media/akvardanir-2021/Akvordun-38-2021.pdf>.



bæði innlendir og svo komi erlendir aðilar að stærri verkefnum, eftir atvikum vegna útboða á Evrópska efnahagssvæðinu. Á markaði fyrir lýsingarverkefni starfi síðan fjölmargir aðilar enda geta öll fyrirtæki á sviði rafvirkjunar tekið að sér slík verkefni.

6. Samkeppniseftirlitið telur ekki tilefni til að ráðast í nákvæmari markaðsskilgreiningar en samrunaaðilar gera í samrunaskrá, enda ljóst að samrunaaðilar starfa á ólíkum og ótengdum mörkuðum. Samkeppniseftirlitið telur ekki tilefni til að véfengja markaðsskilgreiningar samrunaaðila. Einnig telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á að skilgreina formlega landfræðilegan markað í þessu máli þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins.
7. Samkvæmt samrunaskrá er það mat samrunaaðila að viðskiptin muni ekki hafa nein samkeppnisleg áhrif á þeim mörkuðum sem þeir starfa á. Samrunaaðilar starfi á óskyldum mörkuðum eins og áður sagði og með samrunanum verði engin breyting á markaðshlutdeild aðilana.
8. Líkt og fram hefur komið þá starfa samrunaaðilar á ótengdum mörkuðum og lítil eða engin skörun virðist vera á starfsemi þeirra. Með samrunanum verður engin breyting á fjölda keppinauta á hlutaðeigandi mörkuðum og samþjöppun lítil eða engin, og ekki eru neinar vísbendingar um að samruninn muni hafa neikvæð áhrif á þá markaði sem hann snertir. Er því um að ræða svokallaðan samsteypusamruna sem almennt eru taldir síður líklegir til þess að hafa skaðleg áhrif á samkeppni.
9. Það er því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekkert í fyrirliggjandi gögnum málsins bendi til þess að markaðsráðandi staða skapist, eða samruninn muni raska samkeppni með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að hafast frekar að vegna samrunans og lýkur því rannsókn málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup M Invest ehf. á öllu hlutafé í Metatron ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson